

Þingeyri 5. október 2020

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar

Stjórnsýsluhúsinu

400 Ísafjörður



Efni: Endurnýjun tvíhliða samnings Ísafjarðarbæjar við Kómedíuleikhúsið.

Góðan daginn í dýrðlegum Ísafjarðarbæ. Þegar þessu ári líkur (verða nú margir kátir þá) þá rennur út samningur okkar í Kómedíuleikhúsinu við okkar góða bæ, Ísafjarðarbæ. Við óskum hér með eftir endurnýjun á samningnum til næstu 3 ára eða svo.

Samningur þessi hefur verið ein af undirstöðum þess að við höfum getað haldið úti atvinnuleikhúsi í Ísafjarðarbæ árið um kring. Markmið okkar er að halda áfram af sama krafti og ef eitthvað bæta í. Á þessu ári höfum við aukið verulega reglulegar leiksýningar í leikhúsinu okkar í Haukadal. Óhætt er að segja að íbúar bæjarins hafi tekið því sérlega vel sem sést best á góðri aðsókn. Einnig hafa ferðamenn sem hingað koma verið duglegir að sækja leikhúsið. Það eru viss lífsgæði að geta átt þess kost að sjá reglulega atvinnuleiksýningar í sínum eigin bæ.

Verkefni okkar fyrir Ísafjarðarbæ samkvæmt samningi hafa gengið vel og fátt er skemmtilegra en að mæta í skólana með verk okkar. Það er mikilvægt að börn á öllum aldri fái jöfn tækifæri til að sjá leikhús í sínu eigin umhverfi.

Kómedíuleikhúsið óskar hér með eftir endurnýjun á tvíhliða samningi okkar við Ísafjarðarbæ frá og með komandi ári, 2021 (sem verður örugglega miklu skemmtilegra), og til næstu 3 ára.

Með fyrirfram þökk og kveðju úr firði Dýra,

Elfar Logi Hannesson

Kómedíuleikhúsið

Þingeyri